

Alþingi

b.t. fjárlaganefndar

Austurstæti 8-10

150 Reykjavík

Reykjavík, 2. júní 2014

## **Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingar á ýmsum lagaákvæðum um markaðar tekjur ríkissjóðs, 306. mál.**

Vísað er til frumvarps til laga um breytingar á ýmsum lagaákvæðum um markaðar tekjur ríkissjóðs sem lagt var fram í febrúar 2014, á 143. Löggjafarþingi. Vátryggingafélag Íslands hf. („VÍS“) telur þörf á að koma eftirfarandi sjónarmiðum til fjárlaganefndar vegna frumvarpsins sem gerir ráð fyrir breytingu á 84. - 86. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010. Breytingin snýst um að tekjur af byggingaöryggisgjaldi renni í ríkissjóð í stað þess að vera notað til að fjármagna starfsemi Mannvirkjastofnunar. Ekki verður séð að umsagnarbeiðni hafi verið send til VÍS.

### **Byggingaöryggisgjaldið í sögulegu ljósi.**

Brunavarnagjaldi, sem nú kallast byggingaöryggisgjald, var fyrst komið á fót með lögum nr. 55/1969. Fyrir þann tíma hafði Brunabótafélag Íslands greitt allan kostnað við brunavarnaeftirlit ríkisins.<sup>1</sup> Tilgangur gjaldsins hefur frá fyrstu tíð verið að treysta fjárhagsstöðu Brunamálastofnunar, nú Mannvirkjastofnunar, til að hún gæti sinnt sínum mikilvægu lögbundnu verkefnum með það að markmiði að treysta brunavarnir á Íslandi. Í dag stendur bundið fé hjá Mannvirkjastofnun vegna gjaldtökunnar í um 1,7 milljarði króna sbr. umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga við framangreint frumvarp dags. 28. apríl 2014.

Frá upphafi hefur eftirlit með öllum brunavörnum og brunamálum verið á meðal verkefna Mannvirkjastofnunar en hún hefur einnig það verkefni að samræma starfsemi slökkviliða, efna til æfinga með slökkviliðum og halda námskeið, halda uppi rannsóknarstarfsemi á þessu sviði, leiðbeina um val og uppsetningu á slökkvibúnaði o.fl. Í lögum nr. 41/1992 um brunavarnir og brunamál kemur einnig fram að stofnuninni beri að gera sjálfstæðar athuganir og úttektir á ástandi mála. Auk þess segir að stofnunin skuli hlutast til um að farið sé í hvívetna eftir lögum og reglugerðum um brunavarnir og brunamál.

### **Mörgu ábótavant í brunavörnum á landsbyggðinni**

Samkvæmt nýjustu upplýsingum frá Mannvirkjastofnun eru einungis 4 slökkvilið af 37 á landinu með gilda brunavarnaáætlun! Áætlunin á að tryggja að slökkvilið viðkomandi svæðis sé þannig mannað, skipulagt, útbúið tækjum, menntað og þjáfað að það ráði við þau verkefni sem því eru falin. Þetta er mikið áhyggjuefni. Ekki síður sú staðreynd að Mannvirkjastofnun benti nýlega á að 60% slökkviliðsbíla á landinu eru fornbílar samkvæmt skilgreiningum vátryggingafélaga og aðeins 17% slökkviliðsmanna á landinu eru atvinnumenn. Þá var á dögnum haft eftir Jóni Viðari Matthíassyni slökkviliðsstjóra höfuðborgarsvæðisins að endurmenntun og þjálfun slökkviliðsmanna hefur minnkað stórlega síðustu árin.

<sup>1</sup> Athugasemdir við 27. gr. laga nr. 55/1969 um brunavarnir og brunamál

Í úttekt Mannvirkjastofnunnar haustið 2013 á 15 slökkviliðum á Vesturlandi og Vestfjörðum sem kynnt var á árlegum landsfundi Landssambandi slökkiliðsstjóra í vor, kom í ljós að:

- Menntun og þjálfun slökkviliðsmanna er almennt mjög ábótavant og lítið um æfingar.
- Bílafloki slökkviliða er mjög gamall, bílar víða eldri en 25 ára og algengur upp í 35 ára.
- Persónuhlífðarbúnaður til slökkvistarfa þarf að bæta í helmingi tilfella, t.d. að hjálmar og fatnaður sé úr efnum sem ekki bráðna við hita.
- Reykköfunarbúnaður slökkviliðanna er mjög gamall og umhirða slæm. Dæmi var um 20 ára gömul reykköfunartæki sem aldrei höfðu verið yfirfarin.
- Hlífðarbúnaði til að verja reykkafara á fullnægjandi hátt er ábótavant eða vantar hjá helmingi slökkviliðanna.
- Ástand á loftþjöppum til að fylla súrefni á reykköfunarkúta var verulega ábótavant hjá langflestum slökkviliðunum. Í 33% tilvika var slíkur búnaður ekki til staðar og í 20% tilvika var búnaðurinn á milli 25 og 35 ára.

Ný reglugerð nr. 1088 um reykköfun tók í gildi í nóvember 2013. Slökkvilið í landinu, sérstaklega á landsbyggðinni eru langt því frá að uppfylla skilyrði hennar um tækjabúnað, verklega þjálfun og æfingar sem og þrekpróf sem reykkafarar í slökkviliðum eiga að fara í.

- Vatnsöflun slökkviliða þarfnaðist úrbóta í nánast öllum sveitarfélögum
- Eldvarnaeftirliti er ábótavant og alls ekki í samræmi við skyldur sveitarfélaga um hvernig halda skal slíku úti; í sumum sveitarfélögum var það nánast ekki neitt.
- Björgunarklippur víðast mjög gamlar og í 42% tilfella eldri en 10 ára.

Út frá upplýsingum Mannvirkjastofnunnar og niðurstöðum lögbundins eftirlits hennar á skipulagi og starfsemi slökkviliða á Vesturlandi og Vestfjörðum er ljóst að víða uppfyllir mikilvægur búnaður til slökkvistarfa ekki öryggis- og lagakröfur. Ökutæki og ýmis búnaður er orðinn mjög gamall og mikil þörf á að endurnýja. Sömuleiðis er menntun og þjálfun slökkviliða mjög ábótavant.

Samkvæmt svari umhverfis- og auðlindaráðherra<sup>2</sup> við fyrirspurn Kristjáns L. Möller um brunavarnagjald þá hefur í gegnum tíðina fjármunum verið úthlutað til slökkviliða og sveitarstjórna í tengslum við brunamál almennt. Í ljósi upplýsinga sem vitnað hefur verið til frá Mannvirkjastofnun og reynslu VÍS er ljóst að mikil brotalöm er á brunavörnum á landsbyggðinni og búnaði slökkviliða þar almennt mjög ábótavant.

## Brunavarnir slökkvistöðva og eldvarnaeftirlit víða óviðunandi

Sérstakar forvarnarheimsóknir VÍS á slökkvistöðvar á landsbyggðinni hafa leitt í ljós að á sumum stöðum er brunavörnum þeirra sjálfra, til að mynda brunahólfun ábótavant og í sumum tilvikum er ekkert brunaviðvörðunarkerfi til staðar. Dæmi er um að kviknað hafi í slökkvistöð en sem betur fer var þar brunaviðvörðunarkerfi svo menn sluppu með skrekkin á þeim bænum. Velta má fyrir sér hvernig ætla menn að réttlæta það að slökkvistöð brenni til kaldra kola með öllum búnaði því engin fékk brunaboð?

<sup>2</sup> Sjá þingskjal 135, 26. mál á 143 löggjafarþingi 2013 – 2014.

Reynsla VÍS á undanförunum fimm árum sýnir að hallað hefur verulega undan fæti í virku og lögbundnu eldvarnaeftirliti úti á landi. Sums staðar er það að engu orðið, annars staðar í lágmarki og aðeins í fáeinum tilfellum í lagi. Viða er ætlast til að slökkviliðsstjórar eða aðrir þar til bærir sinni eldvarnaeftirlitinu í 10-50% hlutastarfi ásamt því að halda utan um allt slökkvistarf. Fyrir vikið situr þetta á hakanum.

Ekki alls fyrir löngu kom aðeins heppni í veg fyrir stórbruna hjá fyrirtæki úti á landi. Í því tilfalli var bæði búið að aftengja brunaviðvörðunarkerfi og skrúfa fyrir úðakerfi og hafði svo verið í þó nokkurn tíma áður en kviknaði í. Samkvæmt lögum um brunavarnir hefði eldvarnaeftirlit viðkomandi sveitarfélags átt að skoða þetta fyrirtæki reglulega vegna eld- og mengunarhættu. Það var aldrei gert þau átta ár sem fyrirtækið hafði verið í rekstri áður en kviknaði í. Sem betur fer tókst með snarræði að afstýra gríðarlegu tjóni.

Í samtölum starfsmanna VÍS við slökkviliðsstjóra á landsbyggðinni nefna þeir allir að helsta ástæðan fyrir ofangreindu ástandi er fjársveldi til þessa málaflokks. Sveitarfélögin virðast ekki hafa fjárhagslegt bolmagn til að sjá um að allur viðeigandi búnaður, menntun, þjálfun og skipulag slökkviliða sé fullnægjandi. Margir slökkviliðsstjórar nefna að vegna niðurskurðar hjá sveitarfélögum í kjölfar efnahagsþrenginga hafi þurft að fækka stöðugildum slökkviliða. Það bitni m.a. verulega á reglulegri starfsemi í lögbundnu eldvarnaeftirlit sveitarfélaganna.


### **Ný reglugerð um starfsemi slökkviliða**

Á síðasta ársfundi Landssambands slökkviliðsstjóra kom fram að verið er að leggja lokahönd á nýja reglugerð um starfsemi slökkviliða. Í henni verða kröfur um búnað, mönnun og þjálfun slökkviliða skilgreindar með nákvæmari hætti en áður. Ljóst er að það mun reynast erfitt fyrir mjög mörg sveitarfélög og slökkvilið á landsbyggðinni að uppfylla þau skilyrði og kröfur.

Með hliðsjón af ofangreindum staðreyndum og upplýsingum teljum við hjá VÍS liggja beint við að það fé sem til er í sjóði hjá Mannvirkjastofnun vegna brunavarnagjalds (byggingaröryggisgjalds) verði nýtt til að bæta og efla núverandi búnað, bílaflota, persónubúnað slökkviliðsmanna, menntun þeirra, þjálfun og annað sem nauðsyn krefur til að sinna slökkvistörfum.

Með því að nýta féð sem myndast hefur vegna brunavarnagjaldsins til að efla brunavarnir í landinu sýna þingmenn samfélagslega ábyrgð og auka öryggi landsmanna.

F.h. Vátryggingfélags Íslands.



Margrét A. Jónsdóttir, lögfr.

